

2. Stöðvunarskylda verður á Bústaðavegi við Háaleitisbraut, þó þannig að á sérstakri akrein fyrir hægri beygju af Bústaðavegi inn á Háaleitisbraut verður áfram biðskylda.
3. Háaleiti verður aðalbraut, þó þannig að umferð um það víki fyrir umferð um Háaleitisbraut og Kringlumýrarbraut.
4. Bannað verður að stöðva eða leggja ökutækjum á ónefndri götu milli Vatnsmýrarveggar og Skógarhlíðar austan Miklatorgs beggja vegna götunnar.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. nóvember n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. nóvember 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

24. október 1984

Nr. 425

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tónlistarskóla Vesturbæjar, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra, 24. október 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónlistarskóla Vesturbæjar.

1. gr.

Skólinn er stofnaður að frumkvæði Ölmú Hansen og annarra áhugamanna um stofnun tónlistarskóla.

2. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Vesturbæjar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Skólinn skal fullnægja ákvæðum laga nr. 22/1975 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

4. gr.

Markmið skólans er að efla almenna tónmennt í landinu en leggja sérstaklega áherslu á kennslu barna og unglinga á grunnskólaaldri. Nám og próftilhögun er skilgreind í námsskrá skólans.

5. gr.

Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að starfa skv. 1. gr. laga nr. 22/1975.

6. gr.

Skólinn starfar frá 15. sept. til 15. maí ár hvert. Leyfi yfir starfstíma skólans skulu vera hin sömu og í grunnskólum landsins.

7. gr.

Ekki er krafist inntökuprófs við upptöku í skólann. Skólinn áskilur sér rétt til að synja nemanda um skólavist ef kennari og skólastjóri telja hann óhæfan til námsins.

8. gr.

Nemendur skólans skulu taka þátt í tónleikum skólans eftir fyrirmælum skólastjóra. Að öðru leyti er nemendum óheimilt að koma fram opinberlega án leyfis skólastjóra.

9. gr.

Fjárhagsgrundvöllur skólans er byggður á eftirfarandi:

- a) Rekstrarstyrk ríkissjóðs skv. lögum nr. 22/1975.
- b) Rekstrarstyrk Borgarsjóðs Reykjavíkur.
- c) Námsgjöldum nemenda skólans.
- d) Hugsanlegum gjöfum, styrkjum eða framlögum úr sjóðum eða frá félagasamtökum.

10. gr.

Skólanefnd (stjórn skólans) skipa:

- a) Tveir fulltrúar sem skólastjóri tilnefnir.
- b) Einn fulltrúi kennara, kosinn á kennarafundi.
- c) Einn fulltrúi Styrktar- og foreldrafélags Tónlistarskóla Vesturbæjar, kosinn á aðalfundi félagsins.
- d) Einn fulltrúi tilnefndur af Borgarstjórn Reykjavíkur, skv. 2. gr. laga nr. 22/1975.

Fyrir hvern nefndarmann skal kosinn varamaður.

Fulltrúar skv. liðum a-c skulu kosnir og tilnefndir til tveggja ára í senn. Stjórnin kýs sér sjálf formann úr hópi fulltrúa undir liðum a-c. Í atkvæðagreiðslum ræður einfaldur meirihluti. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga skólans.

11. gr.

Skólastjóra og kennara skal ráða skv. 2. gr. laga nr. 22/1975. Skólastjóri er framkvæmdastjóri skólans og ræður stundakennara og annað starfslið skólans í samráði við stjórnina og sér um reikningshald fyrir skólann. Stjórnin heldur fundi er formaður eða skólastjóri telur þess þörf. Eigi síðar en 15. sept. ár hvert skal leggja fyrir stjórnarfund skýrslu um starfsemi skólans á liðnu starfsári svo og endurskoðaða reikninga skólans fyrir síðastliðið reikningsár. Skýrslur þessar skal síðan leggja fyrir aðalfund Styrktar- og foreldrafélags Tónlistarskóla Vesturbæjar. Þegar ný stjórn hefur verið kosin skal fráfarandi formaður boða hina nýkjörnu stjórn á fund og gangast fyrir kosningu formanns.

12. gr.

Reikningsár skólans er almanaksárið og skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun fyrir lok aprílmánaðar. Skilafrestur er tilgreindur 1. maí árlega skv. 4. gr. laga nr. 22/1975. Auk venjulegrar endurskoðunar kjörinna félagsendurskoðenda lætur stjórnin löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga skólans.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

14. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Tónlistarskóla Vesturbæjar 30. júlí 1984.